

Ed.

3. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 38 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 27 13. jan. 1938, um váttryggingarfélög fyrir vélbáta.

(Lagt fyrir Alþingi á 58. löggjafarþingi, 1941.)

1. gr.

Lög nr. 38 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 27 13. jan. 1938, um váttryggingarfélög fyrir vélbáta, skulu öðlast gildi nú þegar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem er lagt fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 38 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 27 13. janúar 1938, um váttryggingarfélög fyrir vélbáta.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að lög nr. 38 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 27 13. janúar 1938, um váttryggingarfélög fyrir vélbáta, hafi í sér fólgnar ýmsar breytingar, er ekki þola bið, þar á meðal heimild fyrir félögin til þess að tryggja veiðarfæri og til þess að tryggja báta fyrir stríðs-slysum.

Þar sem ekkert gildistökuákvæði er í lögum þessum, og þau öðlast því ekki gildi fyrr en 12 vikum eftir birtingu þeirra í Stjórnartíðindunum, telur atvinnumálaráðherra nauðsyn bera til, að með bráðabirgðalögum verði ákveðið, að framangreind lög skuli öðlast gildi þegar í stað.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Lög nr. 38 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 27 13. janúar 1938, um váttryggingarfélög fyrir vélbáta, skulu öðlast gildi nú þegar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 18. júlí 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.